

Nd.

18. Frumvarp

til laga um undanþágu frá ákvæðum 1. gr. í siglingalögum frá 22. nóvember 1913.

Flutningsmenn: Sveinn Björnsson, Einar Arnórsson, Sig. Eggerz,
Matth. Ólafsson, Björn Kristjánsson, Jón Magnússon.

Sú undanþága veitist frá ákvæðum 1. gr. siglingalaga frá 22. nóvember 1913, að í stjórn hlutafelagsins Eimskipafelags Íslands í Reykjavík, sem stofnað var 17. janúar 1914, megi tveir af sjö mönnum í stjórn fjelagsins vera Íslendingar búsettir í Vesturheimi, þótt eigi fullnægi þeir skilyrðum fyrri hluta tjeðrar greinar.